



Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Umsögn um tillögu fulltrúa Flokks fólksins um könnun á áhrifum COVID-19 faraldursins á líðan fólks í Reykjavík sem komið er yfir sjötugt

Þann 2. mars 2022 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi tillögu um könnun á áhrifum COVID-19 faraldursins á líðan fólks í Reykjavík sem komið er yfir sjötugt:

Vitað er að faraldurinn hefur haft áhrif á alla aldurshópa en vísbendingar eru um að hann hafi lagst þungt á eldra fólk sem hefur upp til hópa verið einangrað í tvö ár. Lagt er til að ráðist verði í markvissa könnun á líðan fólks í Reykjavík sem komið er yfir sjötugt og kannað hver áhrif heimsfaraldurinn hefur haft á það. Í framhaldinu yrði ráðist í að veita þeim sem það þurfa viðeigandi sálfélagslegan stuðning til að hjálpa fólki að komast aftur út í lífið eftir þessa einangrun. Minnt er á að ekki allir eiga ættingja sem hafa getað veitt félagsskap eða hlaupið undir bagga á meðan faraldurinn geisaði sem mest. Þessi hópur er einnig sennilega sá sem minnst er tæknivæddur og notar því ekki rafrænar lausnir til að vera í sambandi við umheiminn.

Umsögn:

Lýðheilsustefna Reykjavíkur til ársins 2030 var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 5. október 2021. Í aðgerðaáætlun með stefnunni 2021-2023 kemur fram að skipaður verði starfshópur sem mun vinna að greiningu gagna um heilsu og líðan. Velferðarsvið ber ábyrgð á vinnunni í samstarfi við skóla- og frístundasvið, íþrótt- og tómstundasvið og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara en starfshópurinn verður skipaður fulltrúum forvarnahóps Reykjavíkurborgar, fulltrúum þeirra starfsmanna sem sinna verkefninu „Heilsueflandi samfélag“ og fulltrúum úr félagsstarfi Reykjavíkurborgar. Starfshópnum verður falið að greina niðurstöður fyrirliggjandi gagna um heilsu og líðan íbúa og vakta mikilvægar breytur og bregðast við neikvæðum þáttum sem ganga ekki til baka með jákvæðari þróun faraldursins.

Könnun á líðan fólks í Reykjavík sem komið er yfir sjötugt og þau áhrif sem heimsfaraldurinn hefur haft á það fellur undir vinnu starfshópsins.